



1



Ég ætla ekki að tjá mig mikið um fyrstu tilvik draugagangs sem ég rannsakaði fyrir Lockwood og Co., að hluta til í þeim tilgangi að vernda auðkenni fórnarlambanna og líka hversu andstyggileg atvikin voru, en þó aðallega vegna þess að af ýmsum ástæðum tókst okkur að klúðra öllum þessum málum, sem var einstök snilld á sinn hátt. Jæja, þá er ég búinn að viðurkenna það – sem er bara fínt! Ekki einu einasta máli lauk eins og við vonuðumst til. Jú, draugurinn í Mortlake-hryllingnum var kveðinn niður, en hann fór þó ekki lengra en út í Richmond-almenningsgarðinn, þar sem hann bíður milli þögulla trjáanna á kvöldin og hrellir saklaust fólk. Já, og svo var það grúa vofan í Aldgate og líka fyrirbærið sem þekkt er sem Skjálfandi beinin – þessum var komið fyrir kattarnef, en þó ekki

fyrir en nokkur mannlíf í viðbót töpuðust (og nú finnst mér eins og þau hafi ekki þurft að tapast). Síðan var það Skríðandi skugginn sem sótti á unga stúlku, Betu að nafni, af svo mikilli heift að hún missti vitið og hvar sem hún eigar nú um í þessum heimi, vesalingurinn, fylgir Skríðandi skugginn henni um allt. Það er því ekki beint hægt að segja að ferillinn hafi verið sléttur og felldur hjá okkur Lockwood þegar við gengum saman upp að húsi númer 62 á Sheen-vegi þennan þungbúna eftirmiðdag og hringdum bjöllumni hressilega.

Við stóðum við útidyrnar í kuli haustsins og suðandi umferðarniðurinn barst úr fjarlægð. Hanskaklædd hönd Lockwoods tók utan um bjöllumkaðalinn. Hringingin bergmálaði djúpt inni í húsinu. Ég leit á hurðina sem var alþakin litlum upphleyptum blöðrum sem myndast höfðu í lakkinu eftir að hafa bakast í geislum sólarinnar, og sá rispurnar á póstkassanum. Fyrir innan fjórar tígullagaðar rúður úr möttu gleri var myrkur. Dyrpallurinn gaf til kynna að húsið væri autt og yfirgefið, þarna í hornunum voru hrúgur af vatnsósa laufum frá beykitrjánunum, þeim sömu og huldu gangstíginn og grasflötina.

„Jæja,“ sagði ég. „Þú verður að muna nýju reglurnar okkar. Ekki tala um allt sem þú sérð. Ekki segja upphátt hver þú heldur að gæti mögulega hafa myrt hvern, hvenær og hvernig. Og í guðanna bænum ekki herma eftir viðskiptavininum. Því er aldrei tekið vel.“

„Þetta eru mjög mörg „ekki“,“ sagði Lockwood.

„Já, einmitt.“

„Þú veist að ég er með mjög næmt eyra fyrir framburði. Ég veit ekki einu sinni af því þegar ég hermi eftir framburði fólks.“

„Allt í lagi, en hermdu eftir þeim í hljóði *eftir* að þú ert búinn að hitta viðskiptavinina. Ekki hátt, *ekki* fyrir framan þá og *sérstaklega* ekki þegar um er að ræða tæplega tveggja metra háan írskan hafnarverkamann með málhelti og við næstum kílómetra frá næstu byggð.“

„Já, hann var mjög liðugur miðað við hæð,“ sagði Lockwood. „En við höfðum alveg gott af því að hlaupa svona. Heyrirðu eitthvað?“

„Ekki enn, en hvernig ætti ég svo sem að geta það hérna úti? Skynjarðu eitthvað?“

Hann slepti kaðlinum á bjöllunni og lagaði aðeins jakkakragann. „Svo undarlegt sem það er hef ég orðið einhvers var. Einhver dó hér í garðinum fyrir nokkrum klukkutímum. Undir lárviðarrunnum þarna við miðbik gangstígsins.“

„Ég býst við að þú ætlir að segja mér að þetta sé bara lítill draugabjarmi?“ Ég hallaði undir flatt, með augun hálflokuð, ég var að hlusta á þögn hússins.

„Já, svona á stærð við mús,“ viðurkenndi Lockwood. „Já, kannski á stærð við húsamús. Ætli köttur hafi ekki náð henni.“

„Það er þá ekki hluti af okkar máli ... ef þetta var mús?“

„Sennilega ekki.“

Bak við matt glerið kom ég auga á hreyfingu. Eitthvað hreyfðist langt inni á dimmum ganginum. „Jæja, setjum okkur í stellingar,“ sagði ég. „Hún er að koma. Mundu það sem ég sagði.“

Lockwood beygði sig niður og tók upp sjópoka sem lá við fætur hans. Við færðum okkur örlítið aftur á bak og settum upp hógvært og virðulegt bros.

Við biðum. Ekkert gerðist. Dyrnar opnuðust ekki.

Þegar Lockwood var við það að opna munninn til að segja eitthvað heyrðum við fótatak fyrir aftan okkur á gangstígnum.

„Ég biðst afsökunar!“ Konan sem kom út úr þokunni hafði gengið rólega en þegar við snerum okkur við fór hún að hlaupa táknrænt, en þó hægt. „Afsakið!“ endurtók hún. „Ég tafðist. Ég átti ekki von á þið yrðuð svona stundvís.“

Konan sem gekk upp tröppurnar var lágvaxin, þéttholda með ávalar kinnar og virtist vera um miðjan aldur. Slétt, silfurljóst hárið var tekið frá andlitinu og spennt fast niður yfir eyrunum. Hún var í síðu, svörtu pilsí, hreinni hvítri skyrtu og hrikalega stórrí hnepptri ullarpeysu með lafandi vösum á hliðunum. Í annarri hendi hélt hún á þunnri möppu.

„Ert þú frú Hope?“ spurði ég. „Komdu sæl, Lísá Carlyle og þetta er Anton Lockwood, frá Lockwood og Co. Þú óskaðir eftir aðstoð okkar.“

Konan nam staðar í næstefstu tröppunni og virti okkur fyrir sér með stórum gráum augum sem í senn virtust tjá allar helstu tegundir neikvæðra tilfinninga: vantraust, vanþóknun, óöryggi og hræðslu – þær voru allar þarna á sínum stað en í okkar starfi lendum við alltaf í þessu og tókum því ekki persónulega.

Hún horfði á okkur til skiptis, á snyrtilegan fatnaðinn og vandlega greitt hárið, glitrandi sverðin í beltum okkar, þunga

sjópokana sem við bárum. Hún horfði lengi framan í okkur en gerði enga tilraun til þess að fara fram hjá okkur og að útidyrum hússins. Hún var með aðra höndina djúpt ofan í peysuvasanum og þrýsti þrjónlesinu niður.

„Eruð þið bara tvö?“ sagði hún loks.

„Bara við,“ sagði ég.

„Þið eruð mjög ung.“

Lockwood greip til sjarmans – bros hans lýsti upp kvöldhúmið. „En, það er einmitt málið. Þú veist að þannig verður það að vera.“

„Reyndar er ég *ekki* frú Hope.“ Daufu brosi sem kom eins og óviljandi svar við brosi Lockwoods, brá fyrir á andliti hennar eitt andartak en svo tók áhyggjusvipurinn aftur við. „Ég heiti Súsanna og er dóttir hennar. Móðir mín getur ekki hitt ykkur.“

„En við áttum fund með henni,“ sagði ég. „Hún ætlaði að sýna okkur húsið.“

„Ég veit allt um það.“ Henni varð litið á fínu, svörtu skóna sem hún var í. „Hún vill því miður ekki stíga fæti inn í þetta hús. Allt í kringum dauða föður míns var svo hræðilegt og að undanfögnu hefur orðið vart við þrálátar ... *truflanir* um nætur. Síðasta nótt var sérlega slæm og mamma sagði að hún væri komin með nóg af þessu. Hún flutti inn til mín. Við verðum að selja húsið en getum auðvitað ekki sett það á sölu fyrr en það er orðið öruggt ...“ Hún pírdi augun. „Og það er ástæðan fyrir því að þið voruð kölluð hingað ... Segið mér ... hérna, já sko, ættuð þið ekki að vera með einhvern yfirmann? Ég hélt alltaf að

fullorðnir þyrftu að vera viðstaddir svona rannsóknir. Hvað *eruð* þið eiginlega gömul?“

„Nógu gömul og nógu ung,“ svaraði Lockwood og brosti. „Hinn fullkomni aldur.“

„Ef lögunum er alveg fylgt,“ sagði ég, „þarf fullorðinn einungis að vera til staðar þegar verið er að þjálfra draugabana. Sum stærri draugabanafyrirtæki eru *alltaf* með yfirmann á svæðinu, en það er þá þeirra stefna. Við erum með öll réttindi og draugabanapjónustan okkar er sjálfstæð og svona höfum við þetta.“

„Okkar reynsla,“ sagði Lockwood kurteislega, „er að fullorðnir þvælast bara fyrir. Við erum auðvitað *með* leyfisbréfin okkar meðferðis, þér er velkomið að skoða þau.“

Konan renndi hendinni eftir rennisléttu, silfurljósu hárinu. „Nei, nei ... það er algjör óþarfi. Úr því að mamma vildi fá ykkur er ég alveg viss um að þið eruð í lagi ...“ Röddin var hlutlaus og óstyrk. Það varð þögn í stutta stund.

„Þakka þér fyrir.“ Ég leit aftur fyrir mig á útidyrhurðina sem beið þess að við gengum inn. „Það er bara eitt í viðbót. Er einhver annar heima? Þegar ég hringdi bjöllunni fannst mér eins og—“

Hún leit hratt upp og horfði í augu mér. „Nei. Það getur alls ekki verið. Ég er með eina lykilinn að húsinu.“

„Ég skil. Hlýtur að vera misskilningur hjá mér.“

„Jæja, látið mig ekki tefja ykkur,“ sagði Súsanna. „Mamma fyllti út eyðublaðið sem þið senduð.“ Hún rétti fram brúngula möppu. „Hún vonar að þið getið notað þessar upplýsingar.“

„Það er ég viss um.“ Lockwood kom möppunni fyrir einhvers staðar inni í jakkanum. „Kærar þakkir. Jæja, ætli það sé ekki best að við hefjumst handa. Viltu skila til móður þinnar að við höfum samband við hana í fyrramálið?“

Konan rétti honum lyklakippu. Einhvers staðar á veginum var bílflauta þeytt og önnur svaraði. Það var nægur tími fram að útgöngubanninu, en það var farið að kvölda og óróleiki farinn að gera vart við sig. Fólk þráði að komast heim til sín. Brátt myndi ekkert bærast á götum London nema þokuslæða og dansandi tunglsgeislar – *ekkert* sem augu fullorðinna sáu.

Súsanna var líka meðvituð um þetta. Hún vaðdi peysunni þétt að sér. „Jæja, best að halda af stað. Ég býst við að ég ætti að óska ykkur góðs gengis ...“ Hún varð skyndilega fjarræn. „Svona ung! En hvað það er hræðilegt að heimurinn skuli vera orðinn svona.“

„Vertu sæl,“ sagði Lockwood.

Án þess að svara tiplaði hún niður tröppurnar og gekk í áttina að götunni. Andartaki síðar var hún horfin inn í þokuna milli lárviðarrunnanna.

„Hún er ekki ánægð,“ sagði ég. „Ég held að málið verði tekið af okkur í fyrramálið.“

„Þá er eins gott að við leysum það í kvöld,“ sagði Lockwood. „Ertu tilbúin?“

Ég klappaði á meðalkafla sverðsins. „Alltaf tilbúin.“

Hann brosti til mín breiðu brosi, gekk upp að hurðinni og sneri lyklinum í skráargatinu með látbragði töframanns.

Þegar gengið er inn í hús sem draugur hefur tekið sér búsetu í er alltaf best að gera það hratt og örugglega. Þetta er ein fyrsta reglan sem er kennd. Aldrei hika, aldrei staldra við á þröskuldinum. Viltu vita hvers vegna? Vegna þess að í þessar fáu sekúndur er það ekki of seint. Maður stendur í dyragættinni með ferskt útiloftið í bakið og myrkrið fram undan og þyrfti að vera fífl ef maður vildi ekki að snúa við og hlaupa í burtu. Um leið og maður áttar sig á því byrjar viljastyrkurinn að leka niður í gegnum stígvélin og óttinn þenst út hið innra og *bamm!* það er búíð – maður er búinn að koma sér í hættu áður en verkefnið hefst. Við Lockwood vissum þetta bæði og vorum því ekkert að drolla við þetta. Við fórum beint inn, settum sjópokana okkar á gólfíð og lokuðum dyrunum hljóðlega. Svo stóðum við alveg hreyfingarlaus, hlið við hlið, með bakið upp við hurðina, fylgdumst með og lögðum við hlustir.

Anddyrið í húsinu sem hjónin höfðu búíð í þangað til nýlega var langt og tiltölulega mjótt, en hátt var til lofts þannig að það virkaði frekar rúmgott. Á gólfinu voru hvítar og svartar flísar, lagðar skáhallt, og á veggjunum var ljóst veggfóður. Í miðju anddyrinu var brattur stigi sem lá upp og inn í myrkrið. Til vinstri var gangur sem virtist vera svart tómarúm. Handan við opnar dyr beggja vegna var gapandi, kæfandi svartnætti.

Allt svæðið hefði auðvitað getað verið huggulega lýst upp, ef við hefðum kveikt ljósin. Þarna á veggnum var að sjálfsgöðu ljósrofi en við prófuðum hann ekki einu sinni. Það er nefnilega þannig að regla númer tvö hljómar svona: rafmagn truflar, það deyfir skynfærin og lætur viðkomandi draugabana jafnvel



virðast bæði heimska og veikgeðja. Það er mun betra að fylgjast með og horfa í myrkrinu. Það er gott að vera hræddur.

Við vorum umlukin algjörri þögn og gerðum það sem við gerum best. Ég hlustaði. Lockwood horfði. Húsið var kalt. Loftið var fyllt ryki, örlítið súr lykt lá yfir öllu eins og í flestum húsum sem enginn kærir sig um.

Ég hallaði mér að Lockwood og hvíslaði: „Hitinn er ekki á.“

„Mm-hmm.“

„Eitthvað fleira, heldurðu?“

„Mm-hmm.“

Fleira kom í ljós þegar augu mín vöndust myrkrinu. Undir bogadregnu stigahandriðinu var lítið, lakkað borð, ofan á því var postulínsskál með þurrkuðum ilmlaufum. Á veggjunum voru myndir, aðallega máð veggspjöld af gamaldags söngleikjum og ljósmyndir af grænum hæðum og lygnum sjó. Allt frekar meinlaust. Reyndar var þetta alls ekki ósmekklegt; í skærri dagsbirtu væri nokkuð örugglega bara kósí hérna. En ekki núna, þegar síðustu ljósgeislarnir frá dyragættinni teygðu sig inn eins og opnar líkkistur á gólfinu fyrir framan okkur; með skuggana af okkur snyrtilega innrammaða í þeim; og það hvernig dauða gamla mannsins bar að nákvæmlega á þessum stað var mjög ofarlega í huga okkar.

Ég andaði djúpt til að róa mig og loka á óhugnanlegar hugsanir. Svo lokaði ég augunum í þykku myrkrinu og lagði við *hlustir*.

Lagði við hlustir ...

Anddyri, stigapallur og stigi eru slagæðar og öndunarvegur sérhvers húss. Eftir þessum leiðum liggur allt. Þangað berst bergmálið af því sem gerist allt í kring. Stundum heyrast *önnur* hljóð sem, ef satt skal segja, ættu alls ekki að heyrast þarna. Bergmál fortíðarinnar, bergmál dulinna atvika ...

Einmitt það gerðist núna.

Ég opnaði augun, tók upp sjópokann og gekk rólega inn anddyrið í átt að stiganum. Lockwood var þegar kominn að litla lakkada borðinu undir stiganum. Lítil skíma frá útidyrnum skein á andlit hans. „Heyrðirðu eitthvað?“ spurði hann.

„Já.“

„Hvað?“

„Lágt hljóð eins og einhver sé að banka. Það kemur og fer. Mjög lágt og ég átta mig ekki á hvaðan það kemur. En það á eftir að verða meira – það er varla komið myrkur. Hvað með þig?“

Hann benti á neðsta þrepið. „Þú veist auðvitað hvað kom fyrir þann gamla?“

„Datt hann ekki niður stigan og hálsbrotnaði?“

„Jú, einmitt. Sko, það eru mjög miklar leifar af dauðabjarma nákvæmlega hérna, hann er enn viðloðandi þremur mánuðum eftir að hann dó. Það er svo bjart hérna að ég hefði þurft að koma með sólgleraugun mín. Þannig að það sem frú Hope sagði við Georg í símann var rétt. Eiginmaður hennar hrasaði og datt niður stigan og lenti harkalega á gólfinu.“ Hann horfði upp eftir dimmum stiganum. „Langt og bratt fall ... Ömurlegur dauðdagi.“

Ég beygði mig alveg niður og horfði á gólfíð í hálförökrinu. „Já, sjáðu, flísarnar hafa brotnað. Hann hlýtur að hafa lent hrikalega—“

Hávært brothljóð hljómaði í tvígang í stiganum. Vindhviða lenti með hveli framan í mér. Áður en ég gat brugðist við lenti eitthvað stórt, mjúkt og hræðilega þungt nákvæmlega þar sem ég stóð. Mér varð svo mikið um þetta að tennurnar í mér fóru glamra.

Ég stökk aftur á bak og þreif sverðið upp úr slíðrinu. Ég stóð upp við vegginn með vopnið á lofti og skalf, hjartað hamaðist í brjósti mér og ég leit tryllingslega til beggja hliða.

Ekkert. Stiginn var auður. Enginn skrokkur lá brotinn og lífvana á gólfinu.

Lockwood hallaði sér kæruleysislega upp að stiganum. Það var of dimmt til að ég gæti verið viss, en ég held að önnur augabrúnin hafi verið uppi. Hann hafði ekki heyrt neitt.

„Er allt í lagi með þig, Líska?“

Ég andaði hratt. „Nei. Rétt í þessu var ég að fá bergmálið af falli þess gamla. Það var mjög hátt og mjög raunverulegt. Það var eins og hann hefði lent beint ofan á mér. Ekki hlæja. Þetta er ekki fyndið.“

„Fyrirgefðu. En, *eitthvað* er snemma á ferli. Þetta á eftir að verða áhugavert seinna í kvöld. Hvenær heldurðu að ballið byrji?“

Að vera með úr sem er með sjálflysandi vísun er þriðja reglan sem ég lærði. Það er líka best ef það þolir skyndilega

kólnun og sterk högg frá útfrymi. „Og klukkan ekki einu sinni orðin fimm,“ sagði ég.

„Fínt.“ Tennurnar í Lockwood eru ekki alveg eins sjálflýsandi og úrið mitt, en þegar hann brosir eru þær það næstum því. „Það er nægur tími til þess að fá sér tebolla. Svo förum við og finnum draug!“